

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um gæsluvarðhald útlendinga.

1. *Hversu margir útlendingar hafa verið handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald síðastliðin tíu ár á þeim grundvelli að þeir hafi ekki gefið upp hverjir þeir eru, rökstuddur grunur sé um að þeir gefi rangar upplýsingar um hverjir þeir eru eða þeir hafi sýnt hegðun sem gefi til kynna að af þeim stafi hættu?*

1. tölul. fyrirspurnarinnar virðist varða beitingu ákvæðis 7. mgr. 29. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, sem hljóðar svo:

„Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er, rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er eða hann sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hættu er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð sakamála, eftir því sem við á. Einnig getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.“

Í tilefni af fyrirspurninni aflaði ráðuneytið upplýsinga hjá Útlendingastofnun, lögreglu og Fangelsismálastofnun. Útlendingastofnun tók saman upplýsingarnar og byggði á því, með hliðsjón af að fyrirspurnin vísaði til þess hversu margir útlendingar hafi verið dæmdir í gæsluvarðhald á grundvelli gæsluvarðhaldsheimildar í 7. mgr. 29. gr. laga um útlendinga. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Útlendingastofnun fari ekki fram á gæsluvarðhald heldur sé heimild til þess að fara fram á gæsluvarðhald hjá viðkomandi lögregluembætti sem fer með rannsókn máls. Útlendingastofnun hafi hins vegar upplýsingar um hvað hefur orðið um viðkomandi einstaklinga. Fangelsismálastofnun hafi upplýsingar um þá sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald. Þá er í svari Útlendingastofnunar gerður sá fyrirvari að engin miðlæg skrá sé haldin þar sem fram kemur á hvaða grundvelli menn eru úrskurðaðir í gæsluvarðhald og upplýsingar um það efni eru ekki aðgengilegar hjá dómstólum eða dómstólaráði. Gæsluvarðhaldsúrskurðir sé almennt ekki birtir opinberlega og teljast til viðkvæmra upplýsinga. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum sé almennt byggt á 29. gr. laga um útlendinga þegar farið er fram á gæsluvarðhald vegna mála sem varða fölsuð skilríki.

Að þessu sögðu hafa 58 einstaklingar verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli 29. gr. útlendingalaga á undanförunum tíu árum.

Útlendingastofnun tók saman yfirlit yfir brottvísanir, sbr. eftirfarandi töflu, í samráði við Fangelsismálastofnun þar sem er að finna samanteknar upplýsingar.

Ár úrskurðar	Ríkisfang	Dómstóll	Gæsluvarðhald hefst	Raunverulegur lokadagur gæsluvarðhalds	Fjöldi daga í gæsluvarðhaldi	Afdrif viðkomandi
2003	Kongó	Hd. Reykjaness	10-des-03	09-feb-04	61	Brottvísað til Belgíu
2003	Marokkó	Hd. Reykjaness	21-des-03	09-jan-04	19	Brottvísað til Belgíu
2006	Rúmenía	Hd. Austurlands	10-maí-06	10-maí-06	0	Brottvísað til heimalands
2003	Rúmenía	Hd. Reykjaness	13-des-03	17-des-03	4	Brottvísað til heimalands
2004	Rúmenía	Hd. Reykjaness	03-mar-04	12-mar-04	9	Brottvísað til heimalands

Ár úr-skurðar	Ríkisfang	Dómstóll	Gæsluvarðhald hefst	Raunverulegur lokadagur gæsluvarðhalds	Fjöldi daga í gæsluvarðhaldi	Afdrif viðkomandi
2005	Singapúr	Hd. Reykjaness	19-maí-05	02-jún-05	14	Brottvísað til heimalands
2004	Kasakstan	Hd. Reykjavíkur	10-sep-04	15-sep-04	5	Brottvísað til heimalands/Litháen
2010	Nígería	Hd. Reykjaness	13-nóv-10	19-nóv-10	6	Brottvísað til heimalands eða dvalarleyfislands
2007	Brasilía	Hd. Reykjaness	07-des-07	14-des-07	7	Brottvísað til heimaríkis/Brasilía
2002	Litháen	Hd. Reykjavíkur	12-jan-02	21-jan-02	9	Brottvísað til heimaríkis/Litháen
2011	Nígería	Hd. Norðurl. v.	19-júl-11	26-júl-11	7	Brottvísað til Noregs
2003	Belgía	Hd. Reykjaness	10-des-03	09-feb-04	61	Brottvísun til heimaríkis/Belgía
2011	Georgía	Hd. Reykjaness	24-sep-11	30-sep-11	6	Dublin – er hér á landi í hælismeðferð
2011	Sómalía	Hd. Reykjaness	13-sep-11	06-okt-11	23	Dublin – er hér á landi í hælismeðferð
2011	Súdan	Hd. Reykjaness	14-okt-11	17-okt-11	3	Dublin – er hér á landi í hælismeðferð
2008	Nígería	Hd. Reykjaness	18-nóv-08	09-des-08	21	Dublin – hælisumsókn hafnað – hvarf
2008	Albanía	Hd. Reykjaness	16-okt-08	22-okt-08	6	Dublin – hælisumsókn hafnað – sendur til ábyrgðarríkis
2011	Georgía	Hd. Reykjaness	24-sep-11	30-sep-11	6	Dublin – hælisumsókn hafnað – sendur til ábyrgðarríkis
2010	Alsír	Hd. Reykjaness	21-jún-10	21-jún-10	0	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2003	Kongó	Hd. Reykjaness	21-des-03	09-jan-04	19	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2008	Gana	Hd. Reykjaness	22-okt-08	19-nóv-08	28	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2010	Írak	Hd. Reykjaness	30-sep-10	07-okt-10	7	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2010	Írak	Hd. Reykjaness	30-sep-10	07-okt-10	7	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2011	Írak	Hd. Reykjaness	23-ágú-11	06-sep-11	14	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2010	Íran	Hd. Reykjaness	24-sep-10	01-okt-10	7	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2010	Íran	Hd. Reykjaness	10-ágú-10	20-ágú-10	10	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2009	Íran	Hd. Reykjaness	22-maí-09	19-jún-09	28	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2007	Óþekkt	Hd. Reykjaness	13-okt-07	24-okt-07	11	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2007	Óþekkt	Hd. Reykjaness	13-okt-07	24-okt-07	11	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2004	Óþekkt	Hd. Reykjavíkur	26-maí-04	22-jún-04	27	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2004	Óþekkt	Hd. Reykjavíkur	26-maí-04	22-jún-04	27	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2008	V-Sahara	Hd. Reykjaness	12-sep-08	17-sep-08	5	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2010	Jemen	Hd. Reykjaness	24-sep-10	01-okt-10	7	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis
2004	Palestína	Hd. Reykjavíkur	26-maí-04	23-jún-04	28	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis, Noregs
2010	Afganistan	Hd. Reykjaness	20-júl-10	23-júl-10	3	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis, Austurríkis
2005	Afganistan	Hd. Reykjavíkur	14-des-05	21-des-05	7	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis, Bretlands
2011	Írak	Hd. Reykjaness	23-ágú-11	06-sep-11	14	Dublin – sendur til ábyrgðarríkis, Sviss
2009	Frakkland	Hd. Reykjaness	04-sep-09	11-sep-09	7	EES-borgari búsettur á Íslandi
2004	Kína	Hd. Reykjavíkur	11-jan-04	05-mar-04	54	Finnst ekki í gögnum UTL
2004	Kína	Hd. Reykjavíkur	11-jan-04	05-mar-04	54	Finnst ekki í gögnum UTL
2006	Óþekkt	Hd. Austurlands	05-apr-06	06-apr-06	1	Finnst ekki í gögnum UTL
2004	Singapúr	Hd. Reykjavíkur	13-mar-04	25-mar-04	12	Finnst ekki í gögnum UTL
2004	Singapúr	Hd. Reykjavíkur	13-mar-04	25-mar-04	12	Finnst ekki í gögnum UTL
2004	Svíþjóð	Hd. Reykjaness	30-des-04	19-jan-05	20	Fór sjálfur til heimalands, ekki brottvísað
2012	Nígería	Hd. Reykjaness	18-jan-12	08-feb-12	21	Hælisumsókn í vinnslu

Ár úr-skurðar	Ríkisfang	Dómstóll	Gæsluvarðhald hefst	Raunverulegur lokadagur gæsluvarðhalds	Fjöldi daga í gæsluvarðhaldi	Afdrif viðkomandi
2010	Afganistan	Hd. Reykjaness	28-ágú-10	07-sep-10	10	Hælisúmsókn samþykkt
2004	Eþíópía	Hd. Reykjaness	30-des-04	13-jan-05	14	Hælisúmsókn samþykkt
2010	Íran	Hd. Reykjaness	14-sep-10	20-sep-10	6	Hælisúmsókn samþykkt
2010	Sómalfa	Hd. Reykjaness	18-okt-10	19-okt-10	1	Hælisúmsókn samþykkt
2008	Albanía	Hd. Reykjaness	16-okt-08	22-okt-08	6	Hælisúmsókn hafnað, fluttur til heimaríkis
2008	Albanía	Hd. Reykjaness	15-okt-08	22-okt-08	7	Hælisúmsókn hafnað, fluttur til heimaríkis
2004	Eþíópía	Hd. Reykjaness	30-des-04	13-jan-05	14	Hælisúmsókn hafnað, fluttur til heimaríkis
2005	Kína	Hd. Reykjaness	08-júl-05	15-júl-05	7	Hælisúmsókn hafnað, fluttur til heimaríkis
2008	Pakistan	Hd. Reykjaness	17-sep-08	26-sep-08	9	Hælisúmsókn, dró til baka og fór
2005	Kína	Hd. Reykjaness	08-júl-05	15-júl-05	7	Hælisúmsókn, hvarf og mál lagt upp
2004	Írak	Hd. Reykjavíkur	31-maí-04	15-jún-04	15	Maki íslendingis, dvalarleyfi á Íslandi
2004	Litháen	Hd. Reykjaness	23-nóv-04	26-nóv-04	3	Var ekki brottvísað, fékk leyfi og flutti síðar úr landi
2002	Kongó	Hd. Reykjavíkur	23-mar-02	19-júl-02	118	Var með leyfi en hefur ekki haft leyfi eftir að gæsluvarðhaldi lauk

## 2. Hversu lengi sat hver og einn þeirra í gæsluvarðhaldi?

Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga var frá 1 degi upp í 118 daga. Nánari grein er gerð fyrir lengd gæsluvarðhaldsvistar hvers og eins í eftirfarandi töflu:

Fjöldi einstaklinga	Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga
2	0
2	1
3	3
1	4
2	5
6	6
11	7
3	9
2	10
2	11
2	12
5	14
1	15
2	19
1	20
2	21
1	23
2	27
3	28
2	54
2	61
1	118

3. *Hver urðu afdrif þeirra eftir að gæsluvarðhaldsvist lauk? Voru þeir sendir til þess lands sem þeir komu frá, heimalands eða annað?*

3. tölul. fyrirspurnarinnar varðar afdrif útlendinganna eftir að gæsluvarðhaldsvist lauk, hvort þeir hafi verið sendir til þess lands sem þeir komu frá, heimalands eða annað. Til svars við þessum lið fyrirspurnarinnar vísast til yfirlits hér að framan. Til glöggvunar ber að geta þess að einstaklingur sem fær refsidóm og er brottvísað er ávallt sendur til heimaríkis eða þess ríkis þar sem hann fær heimild til dvalar.

Einstaklingur sem er sendur úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar fer ávallt til þess ríkis þar sem hann á umsókn um hæli til meðferðar eða hefur haft umsókn til meðferðar, það ríki er ekki endilega ríkið sem viðkomandi kom frá til Íslands.

Nú er einstaklingi vísað frá landi og af Schengen-svæðinu og þarf hann þá að fara til heimaríkis eða þess ríkis sem hann hefur heimild til dvalar í.